

Hulda Þórisdóttir, Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands

Tilraun til að mæta áskorunum gervigreindar með auknu leiðsagnarnámi

Tilkoma gervigreindartækja hefur vakið áleitnar spurningar um hvernig háskólakennarar geti tryggt að námsmat styðji við og tryggi mat á raunverulegum skilningi og sjálfstæðri vinnu nemenda. Í þessu erindi lýsi ég breytingum sem ég gerði á valnámskeiði í stjórnmálafræði fyrir 2. og 3. árs nema vorið 2024 með það að markmiði að mæta þessum áskorunum. Breytingarnar eru ígrundaðar út frá hugmyndum Black og Wiliam (1998) um *leiðsagnarnám* og þeim áskorunum sem þeir nefna í tengslum við framkvæmd slíks mats.

Hefðbundin þankaskrif út frá lesefni vikunnar voru aflögð og tekin upp stutt lokuð krossapróf („lestrartékk“) í upphafi hvers tíma til að tryggja reglulegan lestur og skilning. Í hverri viku unnu nemendur saman í hópum, skiptust á að stýra umræðum og skiluðu samantektum. Lokaritgerð var umbreytt í stigskipt rannsóknarverkefni þar sem nemendur lögðu fram tillögu, söfnuðu gögnum, fengu skriflega endurgjöf og tóku þátt í jafningjamati á lokaverkefnum tveggja samnemenda.

Viðbrögð nemenda voru jákvæð, einkum gagnvart virkri þátttöku og skýrum viðmiðum, þó bentu nemendur á að skrifleg endurgjöf hefði borist of seint. Þessi reynsla endurspeglar meðal annars þá áskorun sem Black og Wiliam (1998) lýsa: að tímanleg og markviss endurgjöf sé forsenda þess að mat nýtist til náms. Jafningjamat, fjölbreytt matsform og minni háttar „low-stakes“ verkefni stuðluðu að aukinni þátttöku og ábyrgð nemenda, en álag á kennara jókst verulega. Í erindinu verður rætt hvernig þessi tilraun varpar ljósi á bæði möguleika og takmarkanir þess að þróa námsmat í anda *leiðsagnarnáms* innan háskólakerfis sem byggir enn að stórum hluta á hefðbundnu námsmati.